

Stjórnarfundur í Eyjafjarðardeild 24. janúar 2023 kl. 17.00 í Viðjulundi.

Viðstödd: Gunnar Frímansson formaður, Karen Malmquist varaformaður, Jón Baldvin Hannesson, ritari, Kristín Björk Gunnarsdóttir gjaldkeri, Gísli Kort Kristófersson, Hilmar Friðjónsson (sat upphaf fundar), Konráð Karl Baldvinsson, Sigríður Stefánsdóttir, Fjóla Valborg Stefánsdóttir, Þorsteinn K. Björnsson og Ingibjörg Halldórsdóttir, deildarstjóri Eyjafjarðardeildar.

1. Aðalfundur deildarinnar 13. mars 2023

Skipun kjörnefndar fyrir aðalfund deildarinnar. Formaður leggur til að í kjörstjórn verði tilnefnd Valdís Gunnlaugsdóttir formaður, Guðfinna Hallgrímsdóttir og Jóhann Þorsteinsson. Stjórn samþykkir tillögu formanns.

Ræddar leiðir til að að fjölga þátttakendum á aðalfundi. Hugmynd um að vera með eitthvað spennandi, kynningu, fyrirlestur eða annað. Jón Brynjar mun koma með innlegg og fjalla um það net sem sinnir neyðarvörnum hér á Norðurlandi. Rætt enn betur á næsta stjórnarfundum.

2. Skaðaminnkunarráðstefna í Melbourne

Þann 13. des. sl. kannaði deildarstjóri hug stjórnarmanna til þess að senda fulltrúa á ráðstefnu um skaðaminnkun í Melbourne í Ástralíu í vor. Bæði forsvarsmenn verkefnisins á Akureyri og stjórnarmenn töldu ekki skynsamlegt vegna kostnaðar að taka þátt í þessari ráðstefnu.

3. Hlutverk deildarinnar í móttöku flóttamanna til Akureyrar á árinu 2023.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur samið við bæjarstjórn Akureyrar um að taka á móti allt að 350 flóttamönnum á árinu 2023. Umræða um til hvers verður ætlast af Eyjafjarðardeild varðandi þetta verkefni og samningagerð við Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti.

4. Starfsmannamál

Deildarstjórnin ákvað á fundi sínum 28. nóvember 2022 að verja allt að 4 mkr. til að efla félagsstarf með flóttafólki. Ákveðið hefur verið að ráða starfsmann í hálfstöðugildi í sex mánuði til að standa fyrir opnu húsi fyrir flóttafólk. Starfið var auglýst til umsóknar og nú hefur Inga Lilja Ólafsdóttir verið ráðin til að gegna þessu starfi. Búast má við að auka þurfi við þetta stöðugildi ef flóttafólk fjölgar verulega á árinu.

5. Framkvæmdir í Viðjulundi


Búið er að endurnýja gólfefni á efri hæð hússins í Viðjulundi. Deildin hefur þurft að endurnýja símakerfið sem er hluti af miðlægu símakerfi Rauða krossins í Efstaleiti.


6. Staðan á Dalvík, Ólafsfirði og Siglufirði

Gerð grein fyrir starfseminni við utanverðan Eyjafjörð

7. Önnur mál

A. Vefur Rauða krossins er ekki nógu góður að mati stjórnarmanna. Gunnar, formaður, biður stjórnarmenn um að senda sér ábendingar um vefinn. Einnig verða starfsmenn beðnir um ábendingar.


Þorsteinn K. Björnsson
Sigríður Stefánsdóttir
Karen Malmquist


Sigríður Stefánsdóttir
Karen Malmquist